

Dags. 12. nóvember 2015

Bæjarráð Garðabæjar

Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla

Stjórn Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla samþykkti á fundi á Bjarnastöðum, þann 22. október s.l. verkefni félagsins á næsta starfsári og kostnaðaráætlun:

1. Vettvangsferð 7. maí 2016 á vegum Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla og Fugla- og náttúruverndarfélags Álfтанess. Staður: Bessastaðanes/Bjarnastaðir. Leiðsögn: Anna Ólafsdóttir Björnsson: Íþróttir og félagslíf í Bessastaðaskóla. Ef veður verður óhagstætt, verður viðburðurinn á Bjarnastöðum. Veitingar á Bjarnastöðum í lok viðburðar, boðið upp á kaffi, safa og meðlæti.
2. Fræðslufundur (í tengslum við aðalfund) á vegum félagsins 1. október 2016, helgaður minningu Gríms og Jakóbínu Thomsen. Staður: Bessastaðakirkja. Fyrirlesarar: Kristján Jóhann Jónsson og Erla Hulda Halldórsdóttir.

Kostnaðaráætlun v/ verkefna á vegum félagsins 2016:

- a) Vettvangsferð: Erindi kr. 25.000. Veitingar kr. 2.500.- (kostnaður félagsins v/ viðburðarins er 50%, - í samstarfi við Fugla- og náttúruverndarfélag Álfтанess sem greiðir 50% kostnaðar v/ viðburðarins)
- b) Fræðslufundur: 2 erindi kr. 100 þús., auglýsing í Fréttablaðinu kr. 70 þús., útkall kirkjuvarðar 10 þús., tækniumsjón kr. 10 þús.

Stjórn Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla sækir hér með um styrk að upphæð kr. 217.500 þús. til að standa straum af kostnaði vegna viðburðar og fræðslufundar á vegum félagsins á næsta starfsári.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla,

Ásdís Bragadóttir